

Tillaga til breytinga á reglugerð BTÍ um Íslandsmót

Lögð fram á ársþingi 3.5. 2024

Ásta M. Urbancic

Reglugerð um Íslandsmót

„1. gr. Keppnisflokkar og aðgengi.“

Síðasta málgreinin er: „Lágmarkspáttaka í hverjum aldursflokk eru tveir í einliðaleik og tvö pör í tvíliðaleik og tvenndarleik á Íslandsmóti karla og kvenna, Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga. Þeir flokkar sem ekki uppfylla þessi skilyrði falla niður og keppendur yngri aldursflokka (21 árs og yngri) flytjast í næsta aldursflokk fyrir ofan en í flokkum öldunga flytjast keppendur í næsta aldursflokk fyrir neðan. Ekki er veittur Íslandsmeistaratitill í flokki sem fellur niður með þessum hætti.“

Verði: „Lágmarkspáttaka í hverjum aldursflokk eru tveir í einliðaleik og tvö pör í tvíliðaleik og tvenndarleik á Íslandsmóti karla og kvenna, Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga til að keppni fari fram í flokknum. Ef flokkur uppfyllir ekki þessi skilyrði verður keppni í flokknum sameinuð keppni í næsta flokki fyrir ofan í aldursflokkum unglunga, ef keppt er í þeim flokki, en í næsta aldursflokk fyrir neðan í aldursflokkum öðlinga ef það er keppt í þeim flokki. Annars skal keppt sameiginlega með næsta aldursflokk fyrir neðan í unglungaflokk og næsta aldursflokk fyrir ofan í öðlingaflokk. Þó skal keppt þannig að þeir keppendur sem flytjast í annan flokk hafi ekki áhrif á úrslit í þeim flokki sem þeir sameinast, þ.e. að keppa þarf í riðli þar sem allir leika við alla. Ef leikið er í tveimur riðlum fari keppendur úr öðrum aldursflokk ekki í undanúrslit. Veittur er Íslandsmeistaratitill í öllum flokkum þar sem skráðir eru keppendur til leiks.“

Síðasti hluti greinarinnar fallir niður, þ.e.: ~~Þeir flokkar sem ekki uppfylla þessi skilyrði falla niður og keppendur yngri aldursflokka (21 árs og yngri) flytjast í næsta aldursflokk fyrir ofan en í flokkum öldunga flytjast keppendur í næsta aldursflokk fyrir neðan. Ekki er veittur Íslandsmeistaratitill í flokki sem fellur niður með þessum hætti.“~~

Rökstuðningur: Ef keppandi (eða par) er einn skráður til leiks í aldursflokk ætti hann að verða Íslandsmeistari í þeim flokki enda er hann þá sigurvegari í flokknum. Það gengur ekki að löglega skráðum keppendum sé vísað frá keppni og þeir fái ekki að taka þátt í Íslandsmóti, eins og gerðist á Íslandsmóti öldunga í vor. Þar var einn skráður keppandi í flokki 40-49 ára kvenna og eitt par í tvíliðaleik kvenna 40-49 ára. Viðkomandi keppendum var tjáð að þeir fengu ekki að keppa í þessum flokki, þar sem ekki væri önnur skráning í flokknum og að skv. reglugerðinni væri ekki hægt að sameina þennan flokk næsta flokki fyrir neðan, þar sem sá flokkur var ekki til á mótinu. Leikmaðurinn í einliðaleik fékk því ekki möguleika á Íslandsmeistaratitli í einliðaleik og tvíliðaleik en meðspilarinn í tvíliðaleik gat leikið í flokki 50-59 ára og fékk því að taka þátt í tvíliðaleiknum.

Það er ósanngjarnt gagnvart keppendum, sem hafa skráð sig leiks, að þeir geti ekki orðið Íslandsmeistarar í sínum flokki vegna þess að aðrir keppendur skráðu sig ekki. Eins og venjan hefur verið að túlka reglugerð um Íslandsmót, þar til í ár, þá eru flokkar sameinaðir og aðeins veittur Íslandsmeistaratitill í sameinuðum flokki. Það verður til þess að leikmenn sem eru einir skráðir í flokk þurfa að keppa við leikmenn úr öðrum flokkum, sem eru stundum eldri og betri í tilfelli leikmanna í unglingsflokkum, eða yngri og sprækari í tilfelli öldunga. Á sama hátt er það ekki sanngjarnt gagnvart leikmönnum í aldursflokkum, þar sem þátttaka er næg, að þeir missi Íslandsmeistaratitilinn til leikmanns úr öðrum aldursflokkum (sbr. dæmi á Íslandsmóti öldunga 2018, þar sem voru 3 konur skráðar í flokki 50-59 ára. Þar sem 1 kona var skráð í 40-49 ára og 1 í flokk 60-69 ára var eingöngu veittur titill í sameiginlegum flokki 40-69 ára en ekki í flokki 50-59 ára og besta konan í þeim aldursflokkum fékk bronsverðlaun í sameiginlegum flokki).

Einnig er erfitt að velja meðspilara í tvíliðaleik í sama aldursflokkum og maður er sjálfur og mæta svo á mót og komast þá að raun um að aldursflokkurinn hefur verið sameinaður öðrum aldursflokkum. Þar með gæti úrval mögulegra meðspilara verið allt annað en leit út fyrir þegar skráningu var skilað inn.

Ef þessi tillaga verður ekki samþykkt ætti a.m.k. að breyta aldursflokkum í sviganum (21 árs og yngri) í (18 ára og yngri) þar sem ekki er lengur keppt í aldursflokkum 19-21 árs.